



Spölur ehf.  
b.t. stjórnar Spalar  
Kirkjubraut 28  
300 Akranes

Akranesi, 12. apríl 2016  
1604038 RÁ/sas

**Efni: Beiðni um upplýsingar varðandi rekstur Spalar**

Á fundi bæjarstjórnar Akraness þann 22. mars síðastliðinn komu upp spurningar sem beinast að starfssemi Spalar. Fyrir hönd Akraneskaupstaðar óskar undirrituð eftir svörum við eftirtöldum spurningum:


- 1. Í hverju felst ríflega 150 milljóna skrifstofu- og stjórnunarkostnaður Spalar á árinu 2015?*
- 2. Í hverju felst aðkeypt sérfræðipjónusta á skrifstofu Spalar? Óskað er eftir sundurliðuðu yfirliti yfir þennan kostnað, frá árinu 1999.*
- 3. Spölur hefur m.a. lagt í kostnað vegna vegaframkvæmda, sem upphaflegir samningar gerðu ráð fyrir að Vegagerðin sæi um. Hefur Vegagerðin þá notið forréttinda sem hluthafi í Speli, umfram aðra hluthafa, þar með talinn Akraneskaupstað?*

Einnig hafa komið fram óskir frá bæjarfulltrúum um betri aðgang að upplýsingum hjá Speli, meðal annars í gegnum fundargerðir stjórnar Spalar. Undirrituð beinir þeirri ósk því til stjórnar Spalar að aðgengi að fundargerðum verði aukið og að þær verði gerðar aðgengilegar almenningi á heimasíðu félagsins. Til samanburðar má nefna að stjórn Orkuveitu Reykjavíkur tók upp slík vinnubrögð fyrir tveimur árum og í dag er verið að vinna að því að birta einnig sem flest fylgiskjöl með fundargerðum hjá fyrirtækinu. Þá er þess óskað að fundargerðir bæði rekstrarfélagsins og móðurfélagsins verði sendar Akraneskaupstað til kynningar. Loks hefur komið fram ábending um að einungis ársreikningur rekstrarfélagsins sé birtur á heimasíðu Spalar en ekki móðurfélagsins og er óskað eftir því að báðir



reikningarnir verði gerðir aðgengilegir. Jafnframt væri mjög gagnlegt að hafa samþykktir félagsins og allt sem tengist samningum og telst ekki til einkamálefna, aðgengilegt á vefnum.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

  
Regína Ásvaldsdóttir  
Bæjarstjóri